



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 131/1776
komudagur 2.5.2005

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.05.2005
Tilvísun 111
RBJ

Efni: Umsögn um brtt. á lögum nr. 34/1998, mál 708

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 25. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 með síðari breytingum, mál 708, verðbréfavíðskipti í minni fyrirtækjum.

Kauphöllin styður frumvarpið og fagnar framtaki iðnaðar- og viðskiptaráðherra í þessu máli. Núgildandi ákvæði laga 34/1998 veita ekki svigrúm til að markaðstorg sé starfrækt. Kauphöllin tekur undir sjónarmið að baki frumvarpinu um að þörf sé fyrir hendi að opna fyrir aðgengi sprotafyrirtækja og fyrirtækja í örum vexti að áhættufjármagni með því að gera þeim kleift að skrá hlutabréf sín á markaðstorg.

Kauphöllin telur grundvallaratriði að mál þetta hljóti afgreiðslu fyrir lok þessa þings. Að öðrum kosti verður ekki mögulegt að starfrækja markaðstorg fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári þar sem að lagaheimildir eru ekki fullnægjandi í dag til starfrækslu markaðar af þessu tagi. Þegar liggur fyrir sambærilegt lagafrumvarp í Danmörku og er fyrirhugað að markaðstorg verði sett á laggirnar þar í haust, í Noregi, Írlandi og jafnvel fleiri ríkjum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er fyrir starfandi markaðstorg í Bretlandi (AIM markaðurinn). Frumvarpið felur einnig í sér að innleidd verða ákvæði í tilskipun um markaði með fjármálagerninga nr. 2004/39/EB.

Kauphöllin áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þ. Jónasson,
forstöðumaður lögfræðisviðs.